FRÉTTABLAÐIÐ

130. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 6. JÚLÍ 2021

Ekki dæma gosið aðeins af gígnum

Sú gosvirkni sem við sjáum á yfirborðinu segir ekki alltaf alla söguna, segir Þorvaldur Þórðarson eldfjallafræðingur. Hann segir hraunið geta runnið áfram undir yfirborðinu, jafnvel þegar gosórói minnkar.

urduryrr@frettabladid.is

ELDGOS „Undir skorpunni, undir þessu dökka yfirborði hraunsins, eru líka innri farvegir sem dæla hrauni frá gígnum yfir í Meradali, Nátthaga og Geldingadali," segir Þorvaldur Þórðarson eldfjallafræðingur, um virkni eldgossins í Fagradalsfjalli.

Hann segir að þó að það sé breyting á því sjónarspili sem heillar svo marga þá sé virknin sú sama. Hún sé á sama róli og verið hefur. Þrátt fyrir að glóandi hraun hætti að spúast upp og laugin í gígnum storkni þá geti eldgosið haldið áfram undir yfirborðinu. „Yfirborðsflæðið er bara lítill hluti af því sem er að koma.

Meginþorri hraunsins fer eftir þessum innri farvegum sem við sjáum ekki. Ég myndi halda helmingur eða tveir þriðju allavega," segir Þorvaldur.

Hann bendir á að þegar hraun ferðast í lokuðum rásum undir yfirborðinu tapi það mjög litlum hita. Jafnvel aðeins um 0,1 gráðu á kílómetra. Í opinni rás er hitatapið mun meira, eða um hundrað gráður á kílómetra.

Hraunbreiðan frá eldgosinu í Fagradalsfjalli nær nú um tvo kílómetra frá gígnum og göngin leiða hraun alla leið að jaðrinum. „Hraunið kemur glóandi heitt út úr rásinni og getur þá haldið áfram að flæða. Lengstu svona aðfærsluæðar sem við vitum um í hraunum á jörðinni eru á bilinu 500–2000 kílómetra langar," segir hann.

Á Íslandi eru lengstu þekktu hraungöngin rúmlega 140 kílómetrar á lengd. Það er Þjórsárhraunið mikla sem liggur undir öllu Suðurlandsundirlendinu. Það gos átti upptök sín á Veiðivatnasvæðinu fyrir um 11.500 árum og rann niður farveg Þjórsár og um kílómetra út í sjó.

Þorvaldur Þórðarson eldfjallafræðingur

Þorvaldur telur líklegt að við munum sjá fleiri yfirborðsbreytingar á eldgosinu í framtíðinni og sveiflur í gosóróa sem fylgja yfirborðsvirkninni að miklu leyti, að hans sögn.

„Óróinn er búinn til af virkninni allra efst í gosrásinni, efstu hundrað metrunum, en gosrásin sjálf er allavega sautján kílómetra löng," segir Þorvaldur og bætir við að breyting á yfirborðsvirkni skýrist líklega af breytingum á stærð og lögun á efsta hluta gosrásarinnar.

„Hraunið kemur á jöfnum hraða upp og ef það stækkar þarna efst í gosrásinni þá tekur lengri tíma að fylla hólfið," segir Þorvaldur. ■

Batman-billinn endaði á 323 km/klst.

Bílablaðið fylgir

BÍLAR Átta síðna bílablað fylgir Fréttablaðinu í dag líkt og alla aðra þriðjudaga. Víða er gefið í botn í umfjöllun blaðsins, eins og um met Batman-bílsins í kvartmílu sem endaði á 299,75 mílna hraða, eða 323 kílómetra hraða á klukkustund, sem er um leið hraðamet á brautinni. Landsmót Fornbílaklúbbsins á Hvolsvelli kemur við sögu, Jeep Wrangler Rubicon er dæmdur sem og Continental GT 650 mótorhjólið.

– SJÁ BÍLAR

Hver tekur við af Ingó?

thorarinn@frettabladid.is

ÞJÓÐHÁTÍÐ Ingólfur Þórarinsson mun ekki stýra brekkusöngnum á Þjóðhátíð þetta árið. Fréttablaðið skoðaði hverjir gætu tekið við keflinu en brekkusöngurinn á Þjóðhátíð hvílir á rótgrónum hefðum og hugmyndafræðilegum grunni um fyrirsjáanleika í lagavali og fastheldni á forsöngvara.

Skortur á hæfileikaríku tónlistarfólki ætti þó ekki að valda þjóðhátíðarnefndinni miklum vandræðum. Miklu frekar valkvíða, þar sem af nógu er að taka. Þannig hafa bræðurnir Jón Jónsson og Friðrik Dór þegar verið nefndir til sögunnar. – SJÁ SÍÐU 16



Tæming Árbæjarlónsins hefur lítil áhrif á fuglalíf á svæðinu, samkvæmt Arnóri Þóri Sigfússyni, dýravistfræðingi hjá Verkís. Fuglarnir hafa fært sig að hyl fyrir neðan stífluna og má þar sjá fjöldann af ungum sem virðast braggast vel. Þessi svanur gætti unganna sinna vel þegar Fréttablaðið bar að bakka og stillti sér stoltur upp fyrir ljósmynd. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Þingfundur hefst á óundirbúnum fyrirspurnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ráðherrar svara fyrirspurnum á Alþingi í dag

adalheidur@frettabladid.is

ALÞINGI Alþingi kemur saman í dag til að leiðrétta nýsamþykkt lög um starfsemi stjórnmálasamtaka. Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir Ragna Árnadóttir skrifstofustjóri að aðeins einn þingdagur sé ráðgerður.

„Á dagskránni er lagasetning til að leiðrétta nýsamþykkt lög um starfsemi stjórnmálasamtaka, en auk þess verða óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra og tveggja látinna þingmanna minnst," segir Ragna og vísar til þeirra Braga Níelssonar og Gunnars Birgissonar sem minnst verður á Alþingi í dag.

Í óundirbúnum fyrirspurnatíma í dag verða til svara forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, félags- og barnamálaráðherra og heilbrigðisráðherra. ■

Milljónatjón í Varmahlíð

Bótaskylt tjón vegna aurskriðunnar í Varmahlíð síðastliðinn miðvikudag er líklega nokkrar milljónir króna, að því er kemur fram í svari Náttúruhamfaratrygginga Íslands við fyrirspurn Fréttablaðsins. Níu hús við Laugaveg og Norðurbrún voru rýmd. „Samkvæmt lögum um NTÍ er ekki heimilt að vátryggja vegi, götur og lóðir," segir Jón Örvar Bjarnason, sviðsstjóri vátryggingasviðs Náttúruhamfaratrygginga Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Málefni FÍFL ekki til skoðunar

adalheidur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Nefnd um eftirlit með lögreglu mun ekki taka málefni Félags íslenskra lögreglumanna til skoðunar. Þetta kemur fram í svari Skúla Þórs Gunnsteinssonar, formanns nefndarinnar, við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Félagið hefur verið í fréttum að undanförnu vegna styrkja sem það hefur aflað hjá fyrirtækjum og félagasamtökum í óljósum tilgangi. Félagið birti opnuauglýsingar í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu um skaðsemi kannabisefna, með nöfnum fjölmargra lögaðila, sem ekki könnuðust allir við að hafa samþykkt slíka auglýsingu. Meðal þess sem vakið hefur athygli á félaginu eru fjármál félagsins, tengsl þess við Lögregluforlagið og óljóst eignarhald þess.

Málið var rætt á síðasta fundi eftirlitsnefndarinnar, að sögn Skúla Þórs. „Við skoðun á málinu á fundinum var það mat nefndarinnar að þetta heyrði ekki undir nefndina," segir hann.

> Meðal þess sem vakið hefur athygli á félaginu eru fjármál félagsins, tengsl þess við Lögregluforlagið og óljóst eignarhald þess.

Félagið er hvorki á vegum lögregluembættanna né tengist það fagfélögum lögreglumanna, en forsvarsmenn félagsins eru ýmist núverandi eða fyrrverandi lögreglumenn og um þá gilda því bæði siðareglur lögreglunnar og nýuppfærðar reglur lögreglunnar, sem gilda um gjafir og aðrar ívilnanir til lögreglunnar. ■

Hoppuðu saman á hundrað ærslabelgjum á hringferð

Elín María og Sigtryggur ákváðu að nýta hringferð um landið til að hoppa á næstum öllum þeim 123 ærslabelgjum sem eru á Íslandi. Þrátt fyrir það er enga þreytu að finna á þeim og stefna þau að því að halda áfram að hoppa á tilvonandi belgjum næstu árin.

kristinnpall@frettabladid.is

FERÐALÖG „Þetta var hugdetta sem við fengum á ferðalagi síðasta sumar þegar við töluðum um að okkur fannst við sjá ærslabelgi alls staðar. Þá ákváðum við að hoppa á öllum ærslabelgjum landsins og fórum að skoða þetta. Það var einhver búinn að gera kort yfir alla níutíu ærslabelgina, en núna eru þeir 123," segja Elín María Gunnarsdóttir og Sigtryggur Ómarsson, sem hafa undanfarnar þrjár vikur ferðast um Ísland og hoppað á nærri öllum ærslabelgjum landsins.

„Þetta var ekkert áhugamál þegar ákvörðunin var tekin en er orðið það núna," segir Elín hlæjandi.

Hringferðinni lauk í gær á höfuðborgarsvæðinu á tveimur síðustu ærslabelgjunum sem voru í uppsetningu þegar ferðalagið hófst fyrir þremur vikum. Þá hafa þau hoppað á 115 af 123 ærslabelgjum landsins en segjast hvergi nærri hætt.

„Það er engin þreyta komin í okkur og hugmyndin er að halda þessu áfram. Það voru belgir sem við komumst ekki á og aðrir sem er verið að setja upp," segir Sigtryggur og Elín tók í sama streng.

„Við ætlum því að halda áfram með síðuna Ærslaför á Instagram og halda áfram að setja inn myndir af ærslabelgjum," segir Elín, en þar er að finna myndir og myndbönd frá ferðinni.

Ferðalagið hófst við Gerðarsafn í Kópavogi og lauk því í sama bæjarfélagi á nýjum belg við Dalsmára.

Sigtryggur og Elín að hoppa á nýjum belg við Dalsmára. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Það er erfitt að gera upp á milli
>
> Elín María Gunnarsdóttir og Sigtryggur Ómarsson.

„Við erum búin að fara víða enda fórum við ekki hina hefðbundnu hringferð. Við ætluðum ekki á Suðureyri en ákváðum að stoppa þar og komum þá auga á belg sem var ekki á kortinu," segir Elín og Sigtryggur tekur undir.

„Ég held að við höfum farið í öll bæjarfélög landsins nema Borgarfjörð eystri." Von er á ærslabelg þar og er bærinn því í framtíðaráætlunum þeirra.

„Stærsti dagurinn var sá fyrsti þegar við hoppuðum á þrettán belgjum á höfuðborgarsvæðinu. Svo lukum við þessu í bænum á belgjunum sem voru í uppsetningu þegar ferðalagið hófst," segir Elín.

Þau fóru meðal annars í Grímsey til þess eins að hoppa á ærslabelg.

„Það var heill dagur, ferðin í Grímsey. Veðurskilyrðin voru ekkert frábær enda var appelsínugul viðvörun," segir Sigtryggur um förina í Grímsey. „Við vorum heppin að komast, héldum að við myndum ekki komast vegna veðurspárinnar," segir Elín, en þau áttu erfitt með að segja hvaða ærslabelgur stóð upp úr.

„Það er erfitt að gera upp á milli," sögðu þau létt í lundu. „Blönduósbelgurinn er vel staðsettur, stór og góður. Belgurinn í Neskaupstað er með mjög gott útsýni yfir bæinn," segir Sigtryggur, en Elín kunni vel við belginn í Bíldudal.

„Hann var mjög nálægt sjónum. Ég veit ekki hvort við höfum hoppað jafn nálægt sjónum annars staðar." ■

LÝKUR Á LAUGARDAG 10. JÚLÍ

TILTEKTAR DAGAR

20-70%

AFSLÁTTUR



TÖKUM TIL Á LAGER, RÝMUM TIL FYRIR NÝJUM VÖRUM.
SÓFAR, STÓLAR, RÚM, LJÓS, BORÐ O.S.FRV Á ÓTRÚLEGU VERÐI

KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Andlegt ástand hunsað á vöggustofum

thorvaldur@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Börnin voru höfð í rúmunum án þess að þau væru tekin upp, þau voru ekki snert, það mátti ekki snerta þau. Þannig að þegar foreldrar komu í heimsókn þá fengu þeir aldrei að fara inn heldur urðu að standa fyrir utan og horfa á börnin í gegnum gler," segir Viðar Eggertsson, einn af fimm mönnum sem krefjast þess að Reykjavíkurborg rannsaki starfsemi á svokölluðum vöggustofum. Þeir Árni H. Kristjánsson, Fjölnir Geir Bragason, Hrafn Jökulsson, Tómas V. Albertsson og Viðar vilja að borgarstjórn hafi forgöngu um að koma á fót teymi sérfræðinga til að rannsaka starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins á árunum 1949–1973.

Börn voru vistuð á vöggustofum á aldrinum 0-2 ára og stundum lengur. Þær voru yfirleitt hugsaðar sem skammtímaúrræði fyrir börn ungra, fátækra, einhleypra eða veikra mæðra, sem talið var að gætu ekki annast börn sín.

Viðar Eggertsson.

Dæmi eru þó um að börn hafi verið vistuð í lengri tíma og var Viðar til að mynda þar fyrstu tvö ár ævi sinnar, ásamt tvíburasystur sinni. „Þetta var svona nánast eins og sótthreinsuð gjörgæsla. Það var ekkert inni í herbergjunum nema rúm barnanna, það voru engar myndir á veggjunum og stofurnar voru hvítar," segir Viðar.

„Þegar ég og systir mín komum þarna út þá vorum við ótalandi og höfðum ekki vanist neinni andlegri örvun. Það var vel hugsað um líkamlegt ástand en ekkert um andlegt ástand," segir hann, um þau systkin.

Viðar gerði vöggustofurnar að viðfangsefni sínu í útvarpsþættinum Eins og dýr í búri, sem gerður var fyrir Ríkisútvarpið árið 1993.

Fimmmenningarnir munu funda með Degi B. Eggertssyni borgarstjóra í vikunni en samkvæmt bréfi mannanna voru 510 börn vistuð á vöggustofunni að Hlíðarenda. ■

Þingvellir klikka aldrei, hvorki í sól né regni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tvær milljónir ferðamanna á næsta ári

adalheidur@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Ferðamálastofa gerir ráð fyrir að um 890 þúsund erlendir ferðamenn sæki Ísland heim á þessu ári, en að á næsta ári verði fjöldinn tæpar tvær milljónir ferðamanna, eða um 1.950 þúsund. Það er svipaður fjöldi og árið 2019. Þetta kemur fram á vef Ferðamálastofu en spá Ferðamálastofu byggir meðal annars á bókunarstöðu hótela, bólusetningarhraða, framboði gistingar, afléttingum takmarkana hérlendis og erlendis, sætum og verði á flugi, verði á gistingu og fleiri þáttum.

890

þúsund erlendir ferðamenn munu heimsækja Ísland á þessu ári.

Í umfjölluninni kemur fram að framboð af bæði gistingu og afþreyingu sé til staðar. Þá hafi eftirspurnarhliðin á ferðaþjónustu vaxið þétt undanfarið og sá vöxtur sé líklegur til að hækka frekar en hitt. Á þessum grundvelli er gert ráð fyrir 890 þúsund ferðamönnum í ár og að strax á næsta ári verði ferðaþjónustan komin á par við stöðuna 2019. ■

Skipað í yfir sjötíu starfs- og stýrihópa

Frá því að kjörtímabilið hófst í Reykjavík hefur 71 starfs- og stýrihópur verið skipaður af borgarstjóra og borgarritara. Ellefu eru enn starfandi síðan á síðasta kjörtímabili.

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA „Þegar það er verið að vinna verkefni þvert á svið borgarinnar þá er þetta góð regla og vinnuaðferð, að halda utan um verkefnin," segir Þorsteinn Gunnarsson borgarritari en frá því að kjörtímabilið hófst í Reykjavík hefur 71 starfs- og stýrihópur verið skipaður af borgarstjóra og borgarritara. Af þeim hafa 33 lokið störfum og 38 eru enn starfandi. Til viðbótar eru 11 hópar enn starfandi frá síðasta kjörtímabili, alls 82 starfs- og stýrihópar.

Rætt var um hópana á fundi borgarráðs í síðustu viku og sagði Vigdís Hauksdóttir, áheyrnarfulltrúi Miðflokksins, í bókun sinni að talan væri ansi merkileg, svona í ljósi þess að Reykjavík telji um 130 þúsund manns. „Hér birtist óreiðan í rekstri borgarinnar best.

Borgarstjóri og meirihlutinn eru ófær um að stjórna borginni, sem er eins og smáfyrirtæki í alþjóðlegu samhengi. Og hverju skilar svo þessi fjöldi starfs- og stýrihópa? Nákvæmlega engu. Reksturinn og viðhaldsleysi bygginga borgarinnar er í molum. Kjaftahópar leysa ekki þá staðreynd," lét Vigdís bóka.

Kolbrún Baldursdóttir, áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins, sagði þetta áhugaverðar upplýsingar. „Athygli vekur að það eru 11 hópar starfandi frá síðasta kjörtímabili. Af 71 hópi hafa aðeins 33 lokið störfum. Fulltrúa Flokks fólksins finnst að setja þurfi eitthvert þak á hversu lengi hópar geta verið að störfum.

Ef starfs- og stýrihópar eiga að virka sem skyldi þurfa þeir að vinna með markvissum og skilvirkum hætti og skila af sér fljótt og vel. Ef afurð hópanna lítur ekki dagsins ljós fyrr en mánuðum eða árum eftir að þeir hófu störf, er lítið gagn af þeim og niðurstöður þeirra jafnvel orðnar úreltar þegar þær loksins verða gerðar opinberar," lét Kolbrún bóka.

Minnihlutinn hefur stundum gripið til stórra orða þegar rætt er um starfs- og stýrihópa meirihlutans. Þær Kolbrún Baldursdóttir, áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins, og Vigdís Hauksdóttir, áheyrnarfulltrúi Miðflokksins, bókuðu harðorða bókun um hópana. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Þegar það er verið að vinna verkefni þvert á svið borgarinnar þá er þetta góð regla og vinnuaðferð, að halda utan um verkefnin.**

Þorsteinn Gunnarsson borgarritari.

Alls eru 11 starfs- og stýrihópar enn að störfum frá síðasta kjörtímabili. Starfshópur um undirbúning á rafrænum íbúakosningum sem hafði skilafrest árið 2018, er enn að störfum, meðal annars. Stýrihópur um aðgerðir gegn umbúðasóun í Reykjavík, sem skipaður var 2017, er einnig enn að störfum. Hann átti að skila af sér í lok nóvember 2017. Endurskipað var í hópinn í borgarráði í október 2018.

Starfshópur um nýju Reykjavíkurhúsin í Vesturbugt, sem skipaður var 2015, mun starfa til loka framkvæmda við uppbyggingu og gatnagerð við tilgreindar lóðir í Vesturbugt.

Minnihlutinn í borginni hefur lengi haft orð á starfs- og stýrihópum í borginni, en Þorsteinn segir það gott verklag að skipa slíka hópa. Ekki sé greitt sérstaklega fyrir að sitja í starfs- eða stýrihóp. Hann segir að það sé allur gangur á því hversu lengi er gert ráð fyrir að hóparnir starfi. Umfang og eðli verkefnisins ráði för. „Það getur verið mjög afmarkað og tímabundið verkefni, eða verkefni sem viðkomandi starfshópur heldur utan um á þessu kjörtímabili eða jafnvel lengur. Svo getur komið fyrir að verkefni dragast á langinn, en yfirleitt er reynt þegar erindisbréf eru gerð að hafa tímamörk," segir Þorsteinn. ■

JAGUAR I-PACE

EINSTAKUR.
RAFMAGNAÐUR.
MARGVERÐLAUNAÐUR.

JAGUAR I-PACE S EV 320
VERÐ: 9.590.000 KR.

i-Pace er einn mest verðlaunaði bíll sögunnar: 62 alþjóðleg verðlaun á einu og sama árinu segja allt sem segja þarf um þennan rafmagnaða gæðing.

Nú bjóðum við sérstaka útgáfu í takmörkuðu magni af þessum glæsilega sigurvegara með 320 hestafla vél, 470 km drægni*.
250.000 kr. aukahlutapakki fylgir einnig nýjum i-Pace.

Velkomin í reynsluakstur.

JAGUAR
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

Á fyrsta árinu frá frumsýningu hlaut Jaguar I-Pace 62 verðlaun. Hann var valinn bíll ársins 2019, hönnun ársins 2019 og græni bíll ársins í World Car Awards. Hann var valinn bíll ársins í Evrópu, bíll ársins í Þýskalandi, Noregi og Bretlandi, rafbíll ársins hjá BBC TopGear magazine, græni bíll ársins í Kína og hlaut ECOBEST verðlaun Autobest auk fjölda annarra alþjóðlegra verðlauna.

*Uppgefnar tölur um drægi taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hefur afgerandi áhrif á drægi rafbíla.

Bíll á mynd er HSE á 22" felgum

ENNEMM / SIA / NM006636

Tígrar setja fyrirvara um vopnahlé í Eþíópíu

thorgrimur@frettabladid.is

EÞÍÓPÍA „Nú í morgun keyrðu um tuttugu rútur amharísku sérsveitanna fram hjá skrifstofubyggingunni þar sem ég vinn," skrifar Brynjólfur Þorvarðsson, sem er búsettur í eþíópísku borginni Bahir Dar, um andrúmsloftið í Eþíópíu um þessar mundir. „Skotið var út um glugga og mannfjöldinn sem hér er alltaf á götum úti fagnaði ákaft. „They are going to the front", sögðu kollegar mínir hér og voru greinilega spenntir fyrir því."

Átök standa nú yfir í Tigray-héraði milli herafla alríkisstjórnarinnar og Þjóðfrelsishreyfingar Tígra (TPLF). TPLF setti skilyrði á mánudaginn fyrir því að vopnahlé, sem ríkisstjórn Eþíópíu bauð henni, verði þegið, þar á meðal þau að herafli Erítreumanna og Amhara verði dreginn frá Tigray-héraði. „Þrátt fyrir stórkarlalegar yfirlýsingar er TPLF engan veginn hernaðarlega í stakk búið til að stunda stríðsrekstur. Þeir eru algjörlega umkringdir, vistir á þrotum, vopnabúnaður væntanlega af skornum skammti og Tigray-hérað hefur aldrei getað séð sér sjálft fyrir mat. Það er nú í höndum TPLF að forða hungursneyð, og eina leiðin til þess er að halda friðinn," skrifar Brynjar.

Hermenn alríkisstjórnarinnar í fangabúðum TPLF í Mekelle. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ríkisstjórnin lýsti einhliða yfir vopnahléi eftir að her TPLF endurheimti stjórn á héraðshöfuðborginni Mekelle í Tigray-héraði í lok júní. Stjórnarherinn hafði hertekið Mekelle í lok nóvember í fyrra eftir tæplega mánaðarlöng átök, sem hófust þegar TPLF réðst á herstöð alríkishersins í héraðinu. TPLF var þá stjórnarflokkur Tigray en hafði áður í reynd stýrt Eþíópíu frá 1991 til 2018, sem meginflokkurinn innan Lýðræðis- og byltingarhreyfingar eþíópísku þjóðarinnar (EPRDF), sem Abiy Ahmed lét leysa upp árið 2019.

„Það að draga herinn frá Tigray hefur reynst umdeilt og dr. Abiy hefur unnið hörðum höndum að því síðustu daga að réttlæta ákvörðunina. Ef í ljós kemur að TPLF hefur getað fangað einhvern fjölda hermanna, hvað þá heil 7.000 eins og þeir segja, þá held ég að ríkisstjórnin væri í verulegum vandræðum." ■

Fordómar kosta samfélögin mikið

FERÐALÖG Samkvæmt nýrri skýrslu Open for Business, samtaka fyrirtækja sem berjast fyrir réttindum hinsegin fólks, verða enskumælandi ríki Karíbahafsins af 1,5 til 4,2 milljörðum dala á hverju ári vegna mismununar í garð hinsegin fólks. Þá verður ferðamannaiðnaðurinn á svæðinu af um 400-700 milljónum dala árlega, vegna viðhorfs í garð samkynhneigðra og hinsegin fólks. Níu ríki af tólf telja hjónabönd fólks af sama kyni vera lögbrot.■

Boris Johnson endar Covid-tímabilið 19. júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Grímuskyldan hverfur í júlí

benediktboas@frettabladid.is

BRETLAND Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, tilkynnti um nánast algjöra afléttingu Covid-hafta þar í landi, sem eiga að taka gildi 19. júlí. Meðal þess sem hverfur verður grímuskylda, en almenningssamgöngur geta þó áfram krafist þess. Þá verður afgreiðslutími bara aftur eins og fyrir Covid og engin takmörkun á viðburði eða íþróttakappleiki. Það þýðir að áhorfendur snúa aftur í enska boltann, sem Síminn tryggði sér til ársins 2025 í gær. ■

Sól túristanna skín á ný yfir Þingvelli

Aðsókn ferðamanna að Þingvöllum hefur stóraukist á síðustu þremur vikum eftir hæga fjölgun frá því í vor. Margt af starfsfólki þjóðgarðsins hefur fengið vinnu aftur eftir að hafa verið sagt upp í Covid-faraldrinum.

gar@frettabladid.is

Erlendu ferðamennirnir eru mættir aftur á Hakið á Þingvöllum líkt og áður var. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FERÐAÞJÓNUSTA „Það er að verða meira líf í tuskunum," segir Einar Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, um aðsóknina að friðlandinu.

Starfsemi í Þingvallaþjóðgarði hefur verið með minnsta móti á meðan kórónaveirufaraldurinn hefur geisað. Um skeið sást þar varla nokkur maður og starfsfólki var fækkað verulega.

„Það voru óhjákvæmlega mikil áhrif á okkar starfsemi í fyrra. Tekjustofnar þjóðgarðsins eru náttúrlega sértekjur og þær voru þurrkaðar út í einu vetfangi í fyrra og við þurftum að fara í mjög sársaukafullar aðgerðir með uppsögnum og ýmsum breytingum í rekstrinum," segir Einar.

Breytingarnar segir Einar að hafi meðal annars falist í því að verslunarrekstur á staðnum sé kominn í hendur utanaðkomandi aðila. Hluti af þeim sem unnið hafi í verslun hafi fengið störf hjá nýjum aðila og þjóðgarðurinn sjálfur hafi endurráðið hluta landvarðanna, en aðrir úr þeim hópi hafi sumir fundið sér aðra vinnu. „En við erum nánast með sama starfshópinn og var fyrir Covid og núna finnst mér sólin aðeins vera að skína aftur á Þingvelli," segir hann.

Að sögn þjóðgarðsvarðar er bein tenging milli fjölda ferðamanna á Þingvöllum og þess að fleiri flugvélar lendi í Keflavík. Á bilinu 75 til 80 prósent þessa hóps skili sér alltaf í þjóðgarðinn. Aukningin hafi verið stöðug frá í vor þótt hún hafi verið hæg í byrjun.

> Það eru náttúrlega allir búnir að fara í gegnum Covid-ástand og eru orðnir langþreyttir á því að vera í höftum – rétt eins og við hér á Íslandi

Einar Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.

„Síðustu þrjár vikurnar höfum við séð þetta gerast nokkuð hratt," segir Einar, en tekur fram að nokkuð langt sé enn í að staðan verði eins og fyrir Covid.

Köfunarfyrirtækin eru aftur orðin áberandi með umsvif sín við gjána Silfru. „Það hefur aukist hratt hjá þeim. Mér skilst að þar hafi verið um og yfir hundrað manns á dag á síðustu vikum," segir Einar, aðspurður um starfsemina þar.

Þjóðgarðsvörður segist velta fyrir sér hvernig fjölgunin verði í framtíðinni og hvort æskilegt sé að hún verði jafnhröð og var á árunum fyrir Covid, þegar ferðafólki til landsins og þar með gestum þjóðgarðsins fjölgaði um tugi prósenta, jafnvel upp í 40 prósent á milli ára. „Ég held að við höfum sett heimsmet á heimsmet ofan og ég á þær væntingar að hún verði hófstilltari til lengri tíma og að fjölgun ferðamanna verði eðlilegri," segir hann.

Erlendu ferðamennirnir sem koma á Þingvelli virðast vera frelsinu fegnir. „Það eru náttúrlega allir búnir að fara í gegnum Covid-ástand og eru orðnir langþreyttir á því að vera í höftum – rétt eins og við hér á Íslandi," segir Einar, sem kveður marga ferðamenn hafa á orði að það sé mjög gaman að upplifa Ísland án þess að margir aðrir ferðamenn séu einnig á kreiki. „Það eru allir brosandi út að eyrum að geta ferðast og njóta þess að vera á Íslandi." ■



19|08
FIMMTUDAGUR
KL.20:00

20|08
FÖSTUDAGUR
KL.20:00

NýKlassík & Sinfó

Sinfóníuhljómsveit Íslands á stefnumót við marga af vinsælustu tónlistarmönnum landsins á stórtónleikum í Eldborg. Bríet, Cell7, Flóni, GDRN, Joey Christ, JóiPé og Króli, Logi Pedro og Reykjavíkurdætur flytja lög sín í nýjum órafmögnuðum útsetningum. Hljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason. Fáðu þér sæti á sinfonia.is.

Miðasala
sinfonia.is
harpa.is

Einkavæðing

Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Fyrir stuttu var áskorun um eitt þúsund lækna afhent heilbrigðisyfirvöldum. Læknarnir segja að ítrekuð loforð um aðgerðir og úrbætur hafi verið svikin. Þá segir í áskoruninni að ábyrgð stjórnmálamanna og embættismanna virðist lítil sem engin hér á landi og heilbrigðisstarfsmenn séu endurtekið látnir bera ábyrgð á alvarlegum atvikum innan heilbrigðiskerfisins.

Í svari heilbrigðisráðherra á vef stjórnarráðsins er tekið undir sumt af því sem læknarnir þúsund bentu á, en því haldið fram að staðan sem þeir lýsa eigi ekki við um alla þætti heilbrigðiskerfisins. Ekki er ólíklegt að það sé rétt hjá ráðherra þótt sannarlega hefði verið óskandi að í því væri meiri auðmýkt að finna.

Þegar um eitt þúsund læknar finna sig knúna til að skora á heilbrigðisyfirvöld og lýsa því sem vart getur talist annað en neyðarástand, þarf að bregðast við og ekki við því að búast að venjuleg meðul dugi. „Það er ekki vinsælt innan kerfisins að tjá sig og við viljum ekki skapa ótta að óþörfu, en á einhverjum tímapunkti verður læknirinn að horfa inn á við og átta sig á því að kannski er þögnin ekki að hjálpa," sagði Theódór Skúli Sigurðsson svæfingalæknir í samtali við Fréttablaðið.

„Ég hef ekki bara áhyggjur af sjúklingum heldur hef ég verulegar áhyggjur af starfsfólki sem er farið að bresta. Læknar eru manneskjur af holdi og blóði og það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að taka á sig."

Í nýju tölublaði Læknablaðsins skrifar Sigurbjörn Sveinsson læknir ritstjórnargrein og segir hernaðinn gegn einkarekstrinum hafinn. Hann rekur í greininni að þjónusta lækna hafi þróast í þeirra höndum, ýmist í einkarekstri, eða á stofnunum ríkisins eða einkaaðila. Meirihlutavaldið í stjórnmálum hafi haft góðan skilning á þessu fram til þessa. „Mér sýnist hins vegar hafa orðið nokkur breyting hér á og önnur skilaboð borist frá stjórnarráðinu á síðustu árum," skrifar Sigurbjörn.

Hann segir atburði síðustu missera styðja þessa skoðun vel. „Samningsleysi sérfræðilækna, ömurleg brotlending krabbameinsgreiningar kvenna, útflutningur liðskiptaaðgerða, hallarekstur hjúkrunarheimila og fleira í þeim dúr eru allt veigamiklir þættir í þeirri miðstýringarárátttu, sem nú ríður húsum í heilbrigðisráðuneytinu og tengdum stofnunum," skrifar hann enn fremur.

Í grein Sigurbjörns útskýrir hann muninn á einkavæðingu heilbrigðiskerfis og að fela einkaaðilum tiltekna starfsþætti. Enginn kalli eftir því að ríkið hætti að bera ábyrgð á heilbrigðisþjónustunni. Hætti ríkið tiltekinni þjónustu þannig að fólk verði að kaupa hana fyrir eigið fé og án íhlutunar sjúkratrygginga, sé um einkavæðingu að ræða. Á meðan ríkið haldi verkefnunum hjá sér og láti fyrirtæki í sinni eigu, eða fái aðra, til að sinna þeim, sé ekki um einkavæðingu að ræða.

Sigurbjörn beinir því til ráðherra að finna heldur flöt á sambærilegri verðlagningu læknisverka sem unnin eru á ríkisreknum sjúkrastofnunum og í einkageiranum.

Vandi heilbrigðiskerfisins verður ekki leystur nema með öflugri þátttöku einkarekstrar. Breyta þarf áherslum heilbrigðisyfirvalda í þá átt strax.

Það er ekki einkavæðing. ■

> Vandi heilbrigðiskerfisins verður ekki leystur nema með öflugri þátttöku einkarekstrar.

ÞINN STUÐNINGUR ER OKKAR ENDURHÆFING





ljosid.is

Ljósið

Halldór

Frá degi til dags

TOTI@FRETTABLADID.IS

Pólitískusveifla

Líklega misstu fáir andlitið þegar Gunnar Smári Egilsson bauð sig fram á lista Sósíalistaflokks Íslands fyrir komandi þingkosningar, um leið og hann upplýsti að sósíalismi væri í tísku meðal ungs fólks. Erfitt að rengja þetta, þar sem Smári er svo nærmur á tískustraumana að honum hefur tekist að koma köflóttum verkamannaskyrtum rækilega í pólitísku. Brynjar Níelsson kom öllu meira á óvart með óvenjudjúpum tískuskilningi á Facebook þegar hann brást við framboði Gunnars Smára: „Maður hefur svo sem séð á tískusýningarpöllum í háborgum tískunnar klæðnað sem engum dettur í hug að klæðast, en telst samt vera tíska."

Tískuslys

Gunnar Smári og Sósíalistar virðast einnig særa tískuvitund Glúms Baldvinssonar, frambjóðanda Frjálslynda lýðræðisflokksins, og Gunnlaugs Ingvarssonar, formanns Frelsisflokksins. „Gunnar Smári er nú kominn í tísku á Íslandi," segir Glúmur á Facebook og vonar að tískuverslunin Sautján viti af þessu. Gunnlaugur harmar síðan að vera, ólíkt Gunnari Smára, ekki í tísku í Efstaleiti. „Það er erfitt að vera stjórnmálaflokkur sem RÚV beitir rangindum og þöggun!" ■

Framsýni í Garðabæ

Björg Fenger
bæjarfulltrúi og formaður íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar.

Almar Guðmundsson
bæjarfulltrúi og formaður fjölskylduráðs Garðabæjar.

Það er ánægjulegt að umræða hefur skapast um hina metnaðarfullu uppbyggingu fjölnota íþróttahúss sem nú er verið að reisa í Vetrarmýri í Garðabæ. Það er þó miður að þeir sem mest hafa tjáð sig hafa annaðhvort ekki kynnt sér málið nægilega vel eða farið vísvitandi með rangfærslur.

Undirrituð sátu í undirbúnings- og dómnefnd fyrir bygginguna ásamt fulltrúa minnihluta bæjarstjórnar og aðilum sem tilnefndir voru af íþróttafélögum í Garðabæ. Starf nefndarinnar var unnið með aðkomu fjölda sérfræðinga og haft var samráð við félögin í bænum.

Niðurstaðan var að hanna fjölnota íþróttahús með áherslu á æfingaaðstöðu fyrir knattspyrnuiðkendur, sérstaklega þá yngri. Í húsinu verður knattspyrnuvöllur í fullri stærð með tilheyrandi öryggissvæðum. Lofthæð verður 14 metrar yfir miðju vallarins en 11 metrar yfir hliðarlínum. Sérstakt afmarkað upphitunarsvæði og teygjusvæði verður til staðar. Húsið verður því nýtt til æfinga, kennslu og keppni, með áherslu á yngri flokka. Húsið hefur aldrei verið hugsað sem vettvangur fyrir keppni í efstu deildum, nema í undantekningartilvikum, enda fer keppni í meistaraflokkum í knattspyrnu nánast eingöngu fram utandyra. Í skipulagi fyrir svæðið er gert ráð fyrir knattspyrnuleikvangi við hlið hússins.

Húsið verður svo sannarlega fjölnota enda verða, fyrir utan stóra salinn, alls um 4.800 m2 á þremur hæðum til notkunar í ýmislegt tengt líkams- og heilsurækt auk fræðslu og kennslu. Í húsinu verður meðal annars að finna styrktar- og lyftingasal, svalir með hlaupaundirlagi og klifurvegg, ásamt því að unnt verður að nota húsið fyrir tónleikahald.

Framkvæmdin við fjölnota íþróttahúsið er til vitnis um þá miklu áherslu sem bæjaryfirvöld hafa lagt á góða aðstöðu til íþrótta, líkams- og heilsuræktar sem og útivistar í bænum. Nefna mætti aðra minni en mikilvæga uppbyggingu íþróttamannvirkja á liðnum árum. Þessi faglega og metnaðarfulla þróun endurspeglar að Garðabær er og vill vera heilsueflandi samfélag í fremstu röð. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Björn Víglundsson RITSTJÓRI: Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is*
HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Kommúnistaflokkur Kína fagnar aldarafmæli

Jin Zhijian
sendiherra Kína á Íslandi.

Þann 1. júlí 2021 varð Kommúnistaflokkur Kína (CPC) 100 ára. Til að öðlast betri skilning á Kína, er nauðsynlegt að öðlast betri skilning á Kommúnistaflokki Kína. Ég vonast til að þessi grein geti hjálpað til við að auka heildstæðan og hlutlausan skilning á Kommúnistaflokki Kína, sem er stærsti ráðandi stjórnmálaflokkur í heimi, með fleiri en 91,9 milljón meðlimi.

Kommúnistaflokkur Kína er flokkur sem hefur hag allrar þjóðarinnar í huga og nýtur stuðnings þjóðarinnar allrar. Flokkurinn samanstendur af heiðvirðu fólki. Síðan flokkurinn var stofnaður 1. júlí 1921, hefur flokkurinn einsett sér að stuðla að velsæld almennings og hamingju, endurreisn kínversku þjóðarinnar, og hefur alltaf starfað fyrir grundvallarhag þjóðarinnar allrar. Forysta kommúnistaflokks Kína er ekki sjálfsköpuð, heldur hefur verið valin af sögunni og þjóðinni. Kínverska þjóðin var á mörkum útrýmingar vegna stöðugs ágangs erlendra afla allt frá árinu 1840. Til að bjarga þjóðinni reyndu forfeður okkar að máta nánast öll pólitísk kerfi sem þekkt voru á sínum tíma við kínverskar aðstæður, en ekkert af þeim gekk upp. Kommúnistaflokkur Kína reis upp úr þessu umhverfi og fékk það sögulega hlutverk að reisa kínversku þjóðina úr öskustónni.

Á síðustu hundrað árum hefur flokkurinn sameinað og leitt þjóðina í gegnum harða og bitra baráttu við uppbyggingu nýs Kína. Við þessar kringumstæður fannst hin rétta leið til árangurs og framfara, leið sósíalisma með kínverskum einkennum. Ýmsar skoðanakannanir, framkvæmdar af vestrænum rannsóknastofnunum hafa sýnt að kínverska ríkisstjórnin og kommúnistaflokkur Kína njóta stuðnings meira en 90% þjóðarinnar.

Kommúnistaflokkur Kína er flokkur sem hefur leitt þjóðina við að skapa „kraftaverk“. Undir forystu kommúnistaflokks Kína, hefur Kína orðið vitni að gríðarlegum grundvallarbreytingum, og hefur komið sér inn í tímabil þar sem kínverska þjóðin hefur risið upp og hefur orðið sífellt auðugri og sterkari. Kína er núna eitt fullkomnasta nútíma iðnríki veraldar, og er Kína orðið næststærsta efnahagskerfi veraldar og er stærsta viðskiptaveldið. Landsframleiðsla (GDP) hefur risið úr að vera um 30 milljarðar Bandaríkjadala árið 1950, í það að vera 17,7 trilljónir Bandaríkjadala árið 2020.

Í dag hefur Kína náð að byggja upp velmegandi þjóðfélag á öllum sviðum, fólk með meðaltekjur er fleira en 400 milljónir manna og 850 milljónum manna hefur verið bjargað úr fátækt. Árið 2020 var meðalinnkoma á mann meiri en 10.000 Bandaríkjadalir, og er aukningin 140-föld miðað við meðalinnkomu á fyrstu árunum eftir að Alþýðulýðveldið Kína var stofnað. Lífslíkur Kínverja hafa aukist úr um 35 árum, árið 1949, í um 77,3 ár árið 2019, sem er mun hærra en meðallífslíkur á heimsvísu. Kína hefur einnig náð að byggja upp stærsta menntakerfi, almannatryggingakerfi, heilbrigðisþjónustukerfi, og samfélagslýðræðiskerfi veraldar. Hið kínverska kraftaverk framþróunar hefur hlotið athygli og lof alþjóðasamfélagsins.

Kommúnistaflokkur Kína er flokkur sem heldur sig við sannleikann, býr yfir þrautseigju og hefur náð að þróast og haldast lifandi og opinn. Flokkurinn hefur sterka sýn og grunngildi, og hefur tekist vel að aðlaga marxíska hugmyndafræði að kínverskum veruleika. Þar sem flokkurinn hefur verið opinn fyrir þróun í hugmyndafræðinni, hefur flokknum tekist að þróa hugmyndafræði, viðmið og stefnur með eigin áherslum. Kommúnistaflokkur Kína hefur ötullega unnið að því að læra og nýta sér það sem hefur gengið vel hjá öðrum þjóðum, og viðhaldið þrótti sínum og eigin siðferðisviðmiðum, og er ætíð í fylkingarbrjósti nýrra strauma nútímans. Flokkurinn leggur mikla áherslu á að auka hæfni sína, hefur strangan aga, þéttofið skipulag og skilvirkt gangverk, auk þess að hafa styrk til að leiða, sameina, skipuleggja og framkvæma. Þar að auki tekst flokkurinn ætíð á við eigin vandamál og mistök, og hefur hugrekki til að endurbæta sjálfan sig og hæfni til að leiðrétta eigin mistök. Kommúnistaflokkur Kína hefur stöðugt unnið að umbótum í eigin starfi og hefur staðið gegn spillingu á öllum stigum.

Kommúnistaflokkur Kína er flokkur sem talar fyrir friði og framþróun á heimsvísu. Flokkurinn hefur ætíð unnið eftir sjálfstæðri utanríkisstefnu sem byggir á friði, og hefur talað fyrir því að öll ríki séu jafn rétthá, burtséð frá stærð, styrk og ríkidæmi. Þar að auki hefur flokkurinn staðið vörð um frið á jörðu og stöðugleika, alþjóðlegt réttlæti og jafnrétti, og heldur sig við friðsamlega framþróun og hefur aldrei sóst eftir erlendum yfirráðum. Á þeim rúmlega 70 árum sem liðin eru frá stofnun Alþýðulýðveldisins Kína, hefur Kína aldrei hafið stríð eða ásælst svo mikið sem þumlung af erlendu ríki. Kína er eina landið sem hefur það í stjórnarskrá sinni að stuðla að friðsamlegri framþróun. Kína hefur með friðsamlegum samningaviðræðum ákvarðað og markað landamæri við 12 af 14 nágrannalöndum sínum og hefur heitið að leita eftir samkomulagi með samningaviðræðum varðandi yfirstandandi deilur um landsvæði, hafréttindi og hagsmuni.

Á alþjóðavettvangi hefur aðalritari kommúnistaflokks Kína, Xi Jinping, talað fyrir því að byggja upp alþjóðlegt samfélag með sameiginlegri framtíð, og móta nýtt líkan alþjóðasamskipta ásamt því að tala fyrir framtakinu Belti og braut. Þess utan hefur hann einnig tilkynnt að Kína muni ná hápunkti heildarlosunar koltvísýrings fyrir árið 2030, og setja sér markmið um kolefnishlutleysi fyrir árið 2060.

Það hvernig einstök ríki hagi sínu stjórnarfari ætti að vera ákveðið af íbúum þeirra. Mismunandi lönd búa yfir mismunandi sögu, menningu og samfélagskerfi. Því ættu mismunandi samfélagskerfi ekki að vera ástæða til að gera önnur ríki að andstæðingum, né vera hindrun í samstarfi sem báðir aðilar njóta góðs af. Kína mun halda sig við það kerfi og þá þróunarbraut sem það hefur ákveðið, og á sama tíma virða til fullnustu sjálfstæðar ákvarðanir annarra ríkja. Kína mun aldrei útvíkka kerfi sitt til annarra ríkja, eða taka þátt í kerfislægri samkeppni af neinu tagi. Eftir 100 ár af óþrjótandi baráttu, hefur kommúnistaflokki Kína tekist að breyta örlögum og framtíð Kína og kínverskrar alþýðu ásamt því að hafa áhrif á stefnu og gerð framþróunar á heimsvísu. Þar sem við horfum nú fram á við, mun kommúnistaflokkur Kína leitast við að bæta nýjum og spennandi kafla við vegferð kínversku þjóðarinnar til mikillar endurnýjunar og stuðla að framförum mannkynsins. ■

Í kapp við tímann

Ari Trausti Guðmundsson
þingmaður Vinstri grænna.

Við lesum um sérfræðinga sem skrá fljótt og vel fornleifar í fyrirsjáanlegum vegi nýja hraunsins á Reykjanesskaga. Það eitt mun ekki vera nema minnsta mögulega aðgerð til að bjarga því sem bjargað verður frá gleymsku.

Fáir efast um gildi fornleifa og fornleifarannsókna. Þorri fólks sýnir þeim áhuga. Gamlar minjar eru hluti menningararfsins. Þær eru einn af lyklunum að þeirri fortíð sem geymir bæði aukinn skilning á menningu nútímans og á innri gerð samfélagsins. En okkur er vandi á höndum því landið er stórt í hlutfalli við mannfjölda og vitað er um að minnsta kosti 130 þúsund fornleifastaði sem þurfa skráningar við.

Svokölluð aðalskráning er fyrsta skref að frekari vinnu við minjar og einnig forsenda skipulagsvinnu sveitarfélaga. Sú skráning er löngu hafin en staðan mjög misjöfn eftir hvar á landinu gripið er niður. Að lokinni aðalskráningu er gerlegt að rannsaka valdar minjar eftir efnum og ástæðum. Hitt er svo augljóst að aðeins er unnt að kanna eða þaulskoða brot af fornleifum landsins. Sumar kunna að breyta, eða hafa breytt, skilningi á mikilvægum þáttum sögunnar eftir ítarlegar rannsóknir. Meginhlutinn er og verður þó vel geymdur eða missýnilegur í því ástandi sem hann er.

Rof og veðrun á landi og við sjávarsíðuna eru ein helsta ógnin við fornleifar, þar næst jarðeldur og til dæmis óundirbúið jarðrask vegna framkvæmda. Jafnt Minjastofnun sem sérfræðingar benda ítrekað á að hraða verði aðalskráningu fornleifa. Jarðvegsrof, sand- og gjóskufok og hækkun sjávarborðs vegna loftslagsbreytinga eru ferli sem sækja hratt á. Við blasir að átaks er þörf á næstu árum. Minjastofnun býr yfir 5 ára áætlun í þessum efnum.

Hún gæti kostað samfélagið um 250 milljón krónur.

Ég hvet ríkisstofnanir, Alþingi, sveitarfélög, fyrirtæki og almenning til að taka höndum saman og fjármagna slíka áætlun og efla þar með þá Minjavefsjá sem byggir á síbættri skráningu fornleifa um allt land. Það væri skemmtilegt og ögrandi verkefni í uppsveiflunni eftir faraldurinn leiða. ■

LAGÐIR ÞÚ FRAM KRÖFU GEGN PURDUE PHARMA Í KJÖLFAR GJALDÞROTASKIPTA ÞESS? ÁTT ÞÚ KRÖFU Á HENDUR EIGENDUM PURDUE PHARMA?

Réttarhöld, sem kveða á um staðfestingu áætlunar á Chapter 11, gætu haft áhrif á réttarstöðu þína.

STAÐFESTINGARRÉTTARHÖLD (CONFIRMATION HEARING) VERÐA HALDIN 9. ÁGÚST 2021

UM HVAÐ FJALLAR ÞETTA?

Þann 3. júní 2021, sem hluta af gjaldþrotaskiptum Purdue Pharma L.P., kvað United States Bankruptcy Court í Southern District of New York upp úrskurð sem bar heitið "**Disclosure Statement Order**" sem:

(a) Leyfir Purdue Pharma L.P. og tengdum kröfuhöfum og kröfuhöfum að krefjast samþykkis á *Fifth Amended Joint Chapter 11 Plan of Reorganization of Purdue Pharma L.P. ásamt Affiliated Debtors*, sem inniheldur (a) að draga til baka kröfur og mögulegar kröfur gegn Sackler fjölskyldunni og öðrum tilteknum einstaklingum og tengdum félögum Purdue Pharma L.P. og tengdum kröfuhöfum (þ.á m. lyfseðilsskyld Purdue opíóðalyf eins og OxyContin eða önnur lyfseðilsskyld opíóðalyf framleidd eða seld af Purdue); og (b) lögbann sem krefst þess að tilteknar kröfur gegn tilteknum aðilum sem stofnað er til nái eingöngu til sjóðs sem stofnað hefur verið til samkvæmt áætlun;

(b) Samþykkja *Disclosure Statement for Fifth Amended Joint Chapter 11 Plan for Purdue Pharma L.P. ásamt Affiliated Debtors* sem inniheldur "**fullnægjandi upplýsingar**" samkvæmt grein 1125 í Bankruptcy Code;

(c) Samþykkja kröfur og gögn sem koma fram í kröfubeiðninni; og

(d) Samþykkja ferli til að krefjast, taka á móti og skrá atkvæði sem snúa að áætluninni og til að gera athugasemdir við áætlunina.

Dómstóllinn mun taka til greina staðfestingu á áætluninni í staðfestingarréttarhöldunum.

HVENÆR ERU RÉTTARHÖLDIN?

Staðfestingarréttarhöldin verða **9. ágúst 2021, kl. 10:00, á austurstrandartíma**, hjá háttvirtum Robert D. Drain, hjá United States Bankruptcy Court í Southern District of New York, í 300 Quarropas Street, White Plains, New York 10601-4140. Réttarhöldin fara fram á **Zoom myndforritinu** fyrir þá sem taka þátt í staðfestingarréttarhöldunum[1] ef General Order M-543 er enn í gildi eða ef annað er ákveðið af Bankruptcy Court.

Staðfestingarréttarhöldin er hægt að framlengja eða að breyta tímasetningu af réttinum eða kröfuhöfum **án frekari fyrirvara** með tilkynningu sem send eru til dómsins og/eða tilkynningu um seinkun sem send er til dómsins og dreift hefur verið til allra hlutaðeigandi aðila.

HVERJIR ERU MÖGULEIKAR ÞÍNIR?

Atkvæði greidd um áætlunina: Atkvæði þitt verður að vera sent þannig að það hafi borist fyrir **14. júlí 2021 kl. 16:00 að austurstrandartíma**. Nákvæm fyrirmæli um hvernig greiða eigi atkvæði má nálgast á **PurduePharmaClaims.com** eða með því að hringja í **(844) 217-0912 (gjaldfrjálst)** eða **(347) 859-8093 (alþjóðleg símtöl)**. Ef ekki er farið að tilmælum gæti atkvæði þitt verið ógilt.

Mótmæli vegna áætlunarinnar: Mótmæli verða að berast fyrir **19. júlí 2021 kl. 16:00 á austurstrandartíma**. Nákvæm fyrirmæli varðandi hvernig eigi að mótmæla má finna á **PurduePharmaClaims.com** eða með því að hringja í **(844) 217-0912 (gjaldfrjálst)** eða **(347) 859-8093 (alþjóðleg símtöl)**.

Ósk um heimild: Ef þú telur að þú eigir kröfu á Purdue Pharma L.P. sem ekki hefur verið samþykkt en þú telur að þú getir greitt atkvæði, þá getur þú óskað eftir slíkri heimild svo þú getir greitt atkvæði. Til að svo megi verða verður þú að bera erindið upp við réttinn fyrir **19. júlí 2021 kl. 16:00 á austurstrandartíma**. Nákvæm fyrirmæli varðandi hvernig eigi að óska eftir slíkri heimild má finna á**PurduePharmaClaims.com** eða með því að hringja í **(844) 217-0912 (gjaldfrjálst)** eða **(347) 859-8093 (alþjóðleg símtöl)**.

Ef áætlunin er samþykkt, munu allir sem eiga raunverulegar eða mögulegar kröfur á Purdue Pharma L.P. eða á tengda kröfuhafa eða sem eiga raunverulegar að mögulegar kröfur á Sackler fjölskyldumeðlimi eða á aðra einstaklinga eða tengd félög sem eru tengd Purdue Pharma L.P. og tengdum kröfuhöfum (þ.á m. lyfseðilsskyld Purdue opíóðalyf eins og OxyContin eða önnur lyfseðilsskyld opíóðalyf framleidd eða seld af Purdue), munu þeir vera bundnir af skilyrðum áætlunarinnar þ.á m. undanþágum og bönnum sem hún inniheldur.

ÞETTA ER EINGÖNGU YFIRLIT. TIL AÐ FÁ FREKARI UPPLÝSINGAR:

Hringja í: (844) 217-0912 (gjaldfrjálst) eða (347) 859-8093 (alþjóðleg símtöl)

Heimsækja: **PurduePharmaClaims.com**

Skrifa: Purdue Pharma Ballot Processing, c/o Prime Clerk LLC One Grand Central Place, 60 East 42nd Street, Suite 1440 New York, NY 10165

Netfang: purduepharmainfo@primeclerk.com

Hafðu í huga að Prime Clerk LLC hefur heimild til að svara spurningum og sýna eintök af kröfugögnum, en má e.t.v. **ekki** veita þér aðstoð er varðar hvort þú eigir að greiða atkvæði með eða á móti áætluninni eða veita lögfræðilega aðstoð.

[1] Hlutaðeigandi eða almennir borgarar sem ætla að taka þátt í staðfestingarréttarhöldunum ættu að skoða dagatal réttarins varðandi staðfestingarréttarhöldin á slóðinni https://www.nysb.uscourts.gov/calendars/rdd.html varðandi það hvernig eigi að gerast þátttakandi. Almennir borgarar sem óska eftir því að fylgjast með en ekki taka þátt í staðfestingarréttarhöldunum ókeypis geta gert það símleiðis á vefslóð kröfuhafa: PurduePharmaClaims.com.

Elskuleg dóttir mín,
Linda Bára Þórðardóttir
Skólagerði 17, Kópavogi,

lést á gjörgæslu Landspítalans 29. júní sl.
Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 8. júlí kl. 15.00.

Hildur Maríasdóttir

Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,
Matthildur Haraldsdóttir,

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 8. júlí klukkan 13.
Sérstakar þakkir sendum við starfsfólkinu á hjúkrunarheimilinu Mörk, fyrir hlýhug og góða umönnun.

Einar Örn Einarsson
Jennifer Pors
Lóa Matthildur Einarsdóttir

s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir löggiltur fasteignasali

BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA: 691 2312

Grænamýri 12

170 Seltjarnarnes

Björt og vel skipulögð 4ra herbergja 135 fm íbúð á annari hæð

- Sér inngangur
- Frábær staðsetning
- Þrjú til fjögur svefnherbergi
- 23,9 fm bílskúr

Verð: **79,9 millj.**

Nánari upplýsingar:
s. 691 2312 Óskar S. Axelsson aðst. fasteignasala
s. 822 2307 Ólafur Finnbogason löggiltur fasteignasali

BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA: 845 8958

Grandavegur 40

107 Reykjavík

Einbýlishús 81,1 fm við Bráðræðisholtið. Falin perla í Reykjavík

- Húsið var friðað árið 2012 og stendur á eignarlóð
- Forstofa, stofu, sólskála, eldhús, bað, þvottahús, svefnherbergi, rúmgott alrými og fallega innréttað
- Frábær staðsetning

Verð: **57,9 millj.**

Nánari upplýsingar:
s. 845 8958 Jórunn Skúladóttir löggiltur fasteignasali

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

EKKI MISSA AF NEINU Í **SUMARFRÍINU** ÞÍNU

Allar nýjustu fréttirnar, ásamt blaði dagsins, er að finna á frettabladid.is hvar sem þú ert í sumar.

Þú getur einnig nálgast blaðið í Fréttablaðs-appinu eða bara nælt þér í eintak á næstu bensínstöð.

Náðu í appið!

Get it on Google play

Download on the App Store

FRÉTTABLAÐIÐ og frettabladid.is – MEÐ ÞÉR Í SUMAR

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar

VEIÐIPORTIÐ
Grandagarður 3 • S: 552-9940
6hp 199.000.kr

SAIL®
Gerið verðsamanburð!
www.veidiportid.is

Þjónusta

Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Almenn garðvinna, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Bókhald

*Accountant
Accountant ehf.
Laugavegi 178,
105 Reykjavík
S. 490-0095
info@accountant.is
www.accountant.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN IN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

HÚSA - VIÐGERÐIR
NÝSMÍÐI-VIÐGERÐIR-VIÐHALD
AÐ UTAN SEM INNAN
* STEYPU/MÚRVIÐGERÐIR
* KLÆÐNINGAR : ÞÖK /VEGGI
* GLUGGAR/GLER
* INNRÉTTINGAR OG FL.
ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA
30 ÁRA REYNSLA
TILBOÐ - TÍMAVINNA
UPPL. S : 8583300
serfagehf@gmail.com

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing

FAST Ráðningar
lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is

ÚTSALA

SUMARVIFTUR

Turnviftur
Verðlaunaðar hönnunarviftur

24.308 kr (var 32.407 kr)

19.948 k (var 21.823 kr)

Svört standvifta
9.621 kr (var 10.982 kr)

Kraftvifta 45 cm
13.898 kr (var 15.898 kr)

Lavada 122 cm
39.990 kr (var 51.206 kr)

Jet 1 - 105 cm
21.990 kr (var 23.075 kr)

24.990 kr (var 27.367 kr)
Cyclone 132 cm

54.990 kr (var 59.870 kr)

VERSLAÐU BEINT Í VEFVERSLUN: VIFTUR.IS

ÍSHÚSIÐ viftur.is -andaðu léttar

MIKIÐ ÚRVAL

AF VÖRUM AÐ FINNA Á BILANAUST.IS OG Í VERSLUNUM OKKAR UM ALLT LAND

REIÐHJÓLAFESTINGAR

KROON OIL VÖRUR

KERRUR

FARANGURSBOX

RAFGEYMAR

BÓN- OG HREINSIVÖRUR

MOTIP VÖRUR

RAFMAGNS HLAUPAHJÓL

FERÐAVÖRUR

Bílanaust

Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN	Vatnagörðum 12	Dalshrauni 17	Hafnargötu 52	Hrísmýri 7	Furuvöllum 15	Sólvangi 5
BÍLDSHÖFÐA 12	104 Reykjavík	220 Hafnarfirði	260 Reykjanesbæ	800 Selfossi	600 Akureyri	700 Egilsstöðum
110 REYKJAVÍK	S. 535 9000	S. 555 4800	S. 421 7510	S. 482 4200	S. 535 9085	S. 471 1244
S. 535 9000						

www.bilanaust.is

Njáll Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Continental GT650

KOSTIR
- Þýður mótor
- Sex gíra kassi

GALLAR
- Kúplingsrofa vantar
- Þunnt sæti

Grunnverð: 1.700.000 kr.
Vél: 648 rsm
Gírkassi: 6 gíra

Hestöfl: 47
Tog: 52 Nm
Framfjöðrun: 110 mm

Afturfjöðrun: 88 mm
Hjólhaf: 1.400 mm
Sætishæð: 804 mm

Mótorhjól í jakkafötum

Segja má að sum mótorhjól séu komin í fínu fötin og öðlist nú nýtt líf þegar nostalgían er komin í tísku.

Continental GT 650 er nýjasta mótorhjólið frá Royal Enfield. Royal Enfield eru mótorhjól af gamla skólanum enda er merkið elsta mótorhjólamerki heimsins í framleiðslu, en fyrsta mótorhjól þess kom á markað 1901. Þau eru nú framleidd í Indlandi og sum þeirra byggja á hönnun frá 1960. Því er þó ekki að heilsa með GT 650 mótorhjólið sem Bílablaðið hafði til reynsluaksturs á dögunum.

Þýðgengur mótor

Ein fyrsta minning undirritaðs um gamalt mótorhjól er að heyra ganginn í Royal Enfiled herhjóli, en það gekk hægaganginn eins og trilla, sprengdi einu sinni á hverri sekúndu. Þess vegna sperrti maður eyrun þegar sett var fyrst í gang og þýður gangur tveggja strokka vélarinnar bærði á sér. Í raun og veru er þetta þýðasti tveggja strokka línumótor sem undirritaður hefur nokkru sinni prófað í mótorhjóli, svo mjúkur er hann. Hann er þó ekki laus við stæla því að djúpt og töff hljóð heyrist þegar gefið er inn. Þrátt fyrir beina innspýtingu er aflið ekki nema 47 hestöfl en 52 Nm togið gefur hjólinu þann kraft sem það þarf til að viðbragðið verði þokkalegt. Líka munar um að gírkassinn er sex gíra með blautkúplingu, svo að allar skiptingar verða auðveldar og þægilegar. Hjólið er í svokölluðum Cafe Racer stíl svo að fjöðrunin er í stífara lagi. Það eina sem dregur það niður akstursslega eru ekki nægilega öflugar bremsur, sérstaklega að framan, þar sem mætti vera annar diskur til.

Ekki fyrir langkeyrslu

Mælaborð hjólsins er í einfaldari kantinum, með hraðamæli og snúningshraðamæli ásamt einföldum, stafrænum bensínmæli. Það er engum litaskjá eða USB tengi til að dreifa, enda hentar það ekki stíl hjólsins. Í hreinræktuðum Cafe Racer stíl er hjólið með svokölluðu klemmustýri sem boltast beint á framdemparana báðum megin. Sem betur fer eru klemmurnar með upphækkunum svo að ásetan verði ekki mjög óþægileg til lengdar, en þetta er ekki eitthvað langkeyrsluhjól. Er það helst þunnur hnakkurinn sem að reynir á afturendann, en reyndar er hægt að velja um þykkari sæti kjósi menn svo. Þar sem engin er hlífin framan á hjólinu tekur ökumaður talsverðan vind á sig en auðvelt er að hnipra sig saman og klemma fætur utan um tankinn til að minnka loftmótstöðu. Þar sem sætishæðin er 804 mm er hjólið hentugt fyrir flesta þótt þeir sem eru lágvaxnir ættu eflaust í vandræðum. Það er eitt varðandi notkun hjólsins sem undirritaður hefði kosið að hafa varðandi öryggi hjólsins, en það er kúplingsrofi sem kemur í veg fyrir að hjólið starti í gír.

Einfaldleikinn í fyrirrúmi með tveggja strokka mótor og mælaborð aðeins með hraðamæli og snúningshraðamæli.

MYNDIR/ELVA HRÖNN

> **Í raun og veru er þetta þýðasti tveggja strokka línumótor sem undirritaður hefur nokkru sinni prófað í mótorhjóli. Hann er þó ekki laus við stæla því að djúpt og töff hljóð heyrist þegar gefið er inn.**

Verð í meðallagi

Samkvæmt heimasíðu Vallabrautar, sem er umboðsaðili Royal Enfield, er Continental GT hjólið frá 1.700.000 kr. og í þeirri útfærslu sem við reyndum kostar það 1.800.000 kr. Fyrirfram hefði maður búist við aðeins lægra verði frá Royal Enfield sem reyndar er orðinn þriðji stærsti mótorhjólaframleiðandi í heiminum. Til samanburðar kostar Kawasaki W800 Street frá 1.555.000 kr. og í sambærilegri Cafe útfærslu 1.799.000 kr. Suzuki SV650AX M1 er svo talsvert dýrara, frá 2.180.000 kr., og er þá samanburði á svipuðum hjólum fáanlegum á Íslandi lokið. ■

Ásetan er nokkuð framhallandi en þó ekki þannig að maður þreytist of mikið í baki eða höndum.

Það er auðvelt að leggja hjólið í beygjurnar og stíf fjöðrunin gerir það mjög stöðugt.

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR

á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

Nýlegar njósnamyndir sýna bílinn sem fjögurra sæta blæjubíl en líkast til verður einnig Coupe útgáfa í boði.

Nýr sportbíll frá Benz í kortunum

njall@frettabladid.is

Mercedes-Benz mun að öllum líkindum koma með nýjan sportbíl sem leysir SLC, C-línu og E-línu blæjubílana af hólmi. Mun nýja línan kallast CLE að sögn veftímaritsins Auto Express og koma á markað árið 2023.

Líklegt er talið að CLE bíllinn verði byggður á MRA-2 undirvagninum.

Mercedes hefur þurft að gera sitt til að fækka módelum með tilkomu rafbílanna, en flest voru þau í fyrra eða næstum 50 talsins. Samhliða þessum áætlunum um nýjan CLE mun Mercedes endurhanna SL-línuna með nýjum undirvagni hönnuðum af AMG. Líklegt er talið að CLE bíllinn verði byggður á sama MRA-2 undirvagni og ný S-lína. Það þýðir að hann getur notað fjögurra og sex strokka vélar, eins og sex strokka línuvélina með forþjöppu úr S-línunni, en hún er með 48 volta tvinntækni. ■

Svona gæti næsta kynslóð Nissan Leaf litið út sem blendingsbíll.

Næsta kynslóð Nissan Leaf smíðuð í Bretlandi

njall@frettabladid.is

Að sögn veftímaritsins Auto Express verður næsta kynslóð Nissan Leaf rafbílsins smíðuð í nýrri verksmiðju Nissan í Sunderland í Bretlandi. Auk þess verður í næsta nágrenni sett upp ný verksmiðja fyrir framleiðslu bílarafhlaða sem framleitt getur 100.000 rafhlöður á ári.

Nýjar verksmiðjur Nissan í Bretlandi munu framleiða 100.000 rafbíla ár hvert.

Áætlað er að þessar verksmiðjur hefji framleiðslu árið 2024 með nýjum blendingsrafbíl Nissan, en það er einmitt tíminn sem áætlaður er fyrir næstu kynslóð Nissan Leaf. Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, lýsti samkomulaginu sem mjög mikilvægu í rafbílabyltingunni. Ásamt þessu mun Sunderland-borg nota rafhlöður úr gömlum rafbílum til að búa til orkubanka sem mun safna rafmagni til að nota fyrir aukaálag. ■

Lögreglan á Ísafirði fær Ford Ranger Raptor

njall@frettabladid.is

Maður les venjulega um það erlendis frá að lögreglan fái alvöru tæki til afnota, en nú á dögunum fékk lögreglan á Ísafirði afhentan Ford Ranger Raptor pallbíl. Slíkir bílar þykja öflugir, eru 213 hestöfl og sérsmíðaðir til átaka.

Að sögn Hlyns Snorrasonar, yfirlögregluþjóns á Ísafirði, er þetta bíll sem tekur við af Toyota Land Cruiser jeppa sem notaður hefur verið síðan 2006. „Okkur langaði alltaf að prófa að vera með pallbíl og þar sem þessir bílar þykja öflugir og með góða fjöðrun fannst okkur hann henta vel og vera góður fyrir mannskapinn."

Bíllinn er breyttur af Rafsölum á Siglufirði og er meðal annars með útdraganlegri skúffu fyrir allan útbúnað.

Bíllinn er þegar kominn til vinnu fyrir vestan og verður því eflaust vel sýnilegur í sumar. ■

Lögreglubíllinn á Ísafirði er ekki af verri endanum en Ford Ranger Raptor er þekktur fyrir góða fjöðrun. MYND/INGVAR JAKOBSSON

Icebreaker

Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.

Everyday leggings ♂♀
11.990 kr.

Oasis ♀
Hálfrennd
15.990 kr.

Oasis ♂♀
Síðerma
14.990 kr.

Sphere ♂
Síðerma
13.990 kr.

Barna bolur
7.490 kr.

Barna leggings
7.490 kr.

Léttir hanskar
4.890 kr.

Quantum ♀
Heilrennd
27.990 kr.

Quantum ♂
Heilrennd
27.990 kr.

Sokkar
Hike+ Light
3.990 kr.

Oasis ♂♀
Hálfsíðar leggings
13.590 kr.

Anatomica ♂
Nærbuxur
6.590 kr.

Siren Tank ♀
Hlýrabolur
8.390 kr.

Tech ♂
Hálfrennd
19.990 kr.

Tech Lite ♀
Stutterma
11.990kr

Tech Lite ♂
Stutterma
12.990 kr.

Elemental ♂
Heilrennd
31.990 kr.

Sprite Racerback ♀
Toppur
8.490 kr.

Zone ♀
Síðerma
19.990 kr.

Stingum af ...

GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, Laugardaga 11-15

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Ukulele á tilboði

Mikið úrval
Verð við allra hæfi

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

STIGA

Einstök gæði

Stiga TwinClip 50SQB
Lúxus sláttuvél með drifi
B&S mótor 625EXI,2,27kW
Tviskiptur hnífur, slær X-smátt
70 ltr.notendavænn graskassi
Frábær sláttuvél

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús.
S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

ÁLETRUN OG VINNA*

INNIFALIN Á ÖLLUM LEGSTEINUM

ÖLL VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

AUKAHLUTIR S.S. LUKT OG VASI FYLGJA EKKI MEÐ Í TILBOÐI

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.

*Innifalin áletrun miðast við 1 - 2 nöfn ásamt uppsetnngu legsteins.
Aksturgjald bætist við út á land
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

FOSSALEYNIR 16
112 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Veðurspá Þriðjudagur



Sunnan 3-10 og skýjað, en úrkomulítið S- og V-til, annars skýjað með köflum. Hiti 12 til 21 stig, hlýjast A-lands.

Auglýsing um próf til endurskoðunarstarfa

Með vísan til laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun, er fyrirhugað að halda próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa í október 2021 sem hér segir:

Próf í endurskoðun og reikningsskilum:
Fyrri hluti föstudaginn 8. október.
Seinni hluti mánudaginn 11. október.

Prófin hefjast kl. 9 hvorn dag og standa til kl. 16.

Próf í skattalögum, félagarétti, kostnaðarbókhaldi og stjórnendareikningsskilum:
Föstudaginn 15. október.

Prófið hefst kl. 9 og stendur til kl. 14.

Um efnissvið prófanna vísast til 3. gr. reglugerðar nr. 595/2020 um próf til löggildingar endurskoðunarstarfa.

Próftökugjald er kr. 330.000.- fyrir próf í endurskoðun og reikningsskilum og kr. 110.000.- fyrir próf í skattalögum, félagarétti, kostnaðarbókhaldi og stjórnendareikningsskilum. Greiða þarf staðfestingargjald fyrir hvort próf sem er 20% af fjárhæð prófgjalds.

Væntanlegir prófmenn skulu skila umsóknum fyrir laugardaginn 7. ágúst nk. til prófnefndar. Tilkynningar sendist formanni prófnefndar, Jóni Arnari Baldurs, Urðarbraut 9, 200 Kópavogi eða í tölvupósti á jon.a.baldurs@gmail.com.

Tilkynningu skulu fylgja nafn prófmanns og kennitala, heimilisfang, tölvupóstfang og staðfesting um að fullnægt sé skilyrðum 5. og 7. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 94/2019. Próftakar fá þá senda reikninga fyrir prófgjaldinu og skal allt prófgjaldið vera greitt fyrir 15. september nk.

Prófnefndin mun boða til fundar með prófmönnum fyrir lok ágúst nk.

Reykjavík, 6. júlí 2021.

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda

Stjórnarráð Íslands
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

BLÖÐIN
Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik

Hrannar Baldursson (Skákdeild KR) átti leik gegn Andra Frey Björgvinssyni (Skákfélagi Akureyrar) á Íslandsmóti skákfélaga.

6...Rxe4! 7. e3 (7. Bxa5 Bxf2#). 7...Rxd2 og svartur vann skömmu síðar. Levon Aronian vann sigur á asíska gullmótinu sem lauk um helgina. Guðmundur Kjartansson vann sigur á skákmóti Máls og menningar sem fram fór á sunnudag. Páll Andrason stal senunni og tók annað sætið.
www.skak.is: Hannes í Tékklandi.

Krossgáta

LÁRÉTT
1 BINDA
5 BEITA
6 ÍÞRÓTTAFÉLAG
8 HÖNDLA
10 SEM
11 ORÐBRAGÐ
12 KK NAFN
13 BORGUN
15 AUÐVELDUR
17 OK

LÓÐRÉTT
1 FUGL
2 LEYSIR
3 FLEY
4 VEIÐIR
7 ÓÁRAN
9 SAUMA
12 HNOÐ
14 VIÐBÓT
16 VAFI

LÁRÉTT: 1 hefta, 5 áta, 6 fh, 8 versla, 10 er, 11 tal, 12 karl, 13 laun, 15 auðger, 17 klafi.
LÓÐRÉTT: 1 hávella, 2 eter, 3 far, 4 afiar, 7 hallærri, 9 stanga, 12 kuðl, 14 auk, 16 ef.



Sudoku

	5	6		1		7		
		1			6	5	8	3
8	9						2	6
9		7	6					8
	8	4		2			3	
3			1					
6		5			1		9	
	2		9			4		
				4				

								9
		8			2	5		3
2	4			8				
	9		4		3	7		
7					1		2	
8		4						
	6			7		3		
			2	1				4
9							7	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

KING KOIL

20%

AFSLÁTTUR

SELJUM ELDRI GERÐIR AF KING KOIL RÚMUM MEÐ 20 - 40% AFSLÆTTI

KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

Þriðjudagur

Hringbraut

18.00 Besti maturinn (e) Sígildur þáttur frá fyrri árum Hringbrautar þar sem Vala Matt fékk til sín þjóðþekkta einstaklinga sem kepptu um að gera besta matinn.
18.30 Þórsmörk - friðland í 100 ár (e) 2ja þátta röð um sögu friðunar Þórsmerkur og gömlu afréttanna sunnan Krossár.
19.00 Matur og heimili (e) Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
19.30 Eldhugar (e) Í Eldhugum er farið með viðmælendur út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
20.00 Lengjudeildarmörkin Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu.
20.30 Þórsmörk - friðland í 100 ár (e) 2ja þátta röð um sögu friðunar Þórsmerkur og gömlu afréttanna sunnan Krossár.

RÚV Sjónvarp

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Sumarlandabrot
11.15 Hraðfréttir
11.20 Aðgengi fyrir alla Sjálfsbjörg hbs í 60 ár
11.55 Með sálina að veði - New York
12.55 Heimsleikar Special Olympics Með okkar augum
13.30 Steinsteypuöldin
14.00 Tobias og sætabrauðið - Skotland
14.30 Gleðin í garðinum
15.00 Rick Stein og franska eldhúsið
16.00 Átta raddir Sigrún Hjálmtýsdóttir
16.45 Andri á flandri - Í Vesturheimi USA
17.20 Á götunni
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Handboltaáskorunin
18.13 Bitið, brennt og stungið
18.28 Hönnunarstirnin III
18.46 Bílskúrsbras
18.50 Sumarlandabrot 2020
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Sumarlandabrot
19.45 Soð í Dýrafirði Haukadalur
20.05 Kennt með Tourette Tourette's Teacher
20.55 Innlit til arkitekta - Anna Chavepayre Hemma hos arkitekten II
21.30 Dagbók smákrimma Måste Gitt
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Skylduverk Line of Duty Sjötta þáttaröðin af þessum vinsæla spennumyndaflokki frá BBC um lögreglumann sem ásamt samstarfskonu sinni er falið að rannsaka spillingu innan lögreglunnar.
23.20 Þýskaland '86
00.05 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

09.30 European Tour Útsending frá Dubai Duty Free Irish Open.
12.30 European Tour Útsending frá Dubai Duty Free Irish Open.
14.30 European Tour Útsending frá Dubai Duty Free Irish Open.
19.00 European Tour 2021 - Highlights
19.25 European Tour Útsending frá Dubai Duty Free Irish Open.

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 Life Unexpected
15.50 90210
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 Líf kviknar Íslensk þáttaröð sem byggð er á bókinni Kviknar og fjallar um getnað, meðgöngu, fæðingu og sængurlegu. Kviknar er samblanda af fræðilegum upplýsingum og reynslusögum.
20.45 Younger
21.15 Bull
22.05 Hightown
23.00 Pose
00.00 The Late Late Show
00.45 Love Island
01.40 Ray Donovan
02.30 Normal People
03.00 Queen of the South
03.45 Síminn + Spotify

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér Þórdís Guðjónsdóttir fararstjóri og veitingahúsahönnuður
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Sumarmál. Fyrri hluti
12.00 Fréttir
12.03 Það sem skiptir máli Peningar
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið Fyrri og seinni hluti
13.00 Dánarfregnir
13.02 Sumarmál. Seinni hluti
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Tengivagninn
17.00 Fréttir
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Brot úr Morgunvaktinni
18.30 Krakkakastið Rán Flygenring
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sumartónleikar
20.30 Segðu mér
21.10 Íslendingasögur Vilborg Pedersen
21.40 Kvöldsagan. Sögukaflar af sjálfum mér (6 af 23)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Sumarmál. Fyrri hluti
23.05 Sumarmál. Seinni hluti
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

Stöð 2 Bíó

09.25 The Big Sick
11.25 Holy Lands
13.00 Fantastic Beasts. The Crimes of Grindelwald
15.10 The Big Sick
17.10 Holy Lands
18.45 Fantastic Beasts. The Crimes of Grindelwald
21.00 The Last Full Measure
22.50 I Kill Giants
00.35 High-Rise
02.30 The Last Full Measure

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.20 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Divorce
09.55 Logi í beinni
10.35 Your Home Made Perfect
11.35 NCIS
12.15 Friends
12.35 Nágrannar
12.55 The Good Doctor
13.40 Ísskápastríð
14.10 Lýðveldið
14.25 City Life to Country Life
15.10 Feðgar á ferð
15.35 Veronica Mars
16.20 The Masked Singer
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
18.55 Einkalífið Þættir í umsjón Stefáns Árna Pálssonar en í þeim er rætt við Íslendinga sem eru að skara fram úr á sínu sviði.
19.40 Saved by the Bell
20.05 Shrill Þriðja og jafnframt síðasta þáttaröð þessara frábæru gamanþátta um Annie sem er í yfirvigt.
20.35 Manifest
21.15 Patrekur Jamie. Æði
21.40 The Girlfriend Experience
22.10 The Wire
23.10 The Gloaming
00.05 Coroner
00.45 LA's Finest
01.30 The Mentalist
02.10 Divorce
02.40 NCIS Geysivinsælir og léttir spennuþættir sem fjalla um Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandarísku sjóhersins.
03.20 Your Home Made Perfect Önnur þáttaröð þessa stórgóðu bresku þátta þar sem arkitektar keppast við að hanna falleg heimili.

Stöð 2 Sport

07.15 Pepsi Max Stúkan
07.40 Víkingur R. - ÍA Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
09.20 Valur - Keflavík Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
11.00 Stjarnan - Fram Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
12.20 Haukar - Valur
13.35 Seinni bylgjan - kvenna
14.30 ÍR - Þór Ak. Útsending frá leik í Dominos deild karla.
16.05 Víkingur R. - ÍA
17.50 Fylkir - ÍBV Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
19.50 Selfoss - Valur Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
21.55 Tindastóll - Valur Útsending frá leik í Dominos deild karla.
23.20 Stjarnan - Þór Þ.

Stöð 2 Sport 2

07.45 Watford - Brentford
09.25 Preston North End - Bristol City
11.10 New Orleans Saints - Tampa Bay Buccaneers
13.40 Tampa Bay Buccaneers - Carolina Panthers
16.30 Holland - Tékkland
18.20 EM í dag - Upphitun
16.30 Ítalía - Spánn Bein útsending.
20.55 Chelsea - Rennes
22.40 Belgía - Portúgal
00.25 Martin Hermannsson
01.00 Phoenix Suns - Milwaukee Bucks Bein útsending.

Höfum opnað á Selfossi

komdu og skoðaðu úrvalið í glæsilegum sýningarsal okkar

www.tengi.is

Kópavogur – Smiðjuvegur 76 | 414 1000
Akureyri – Baldursnes 6a | 414 1050
Selfoss – Austurvegur 69 | 414 1040

Óvissa í veðurkortum Brekkunnar

Þegar Ingó veðurguð tók við brekkusöngnum 2013 taldi þjóðhátíðarnefnd engan annan koma til greina. Það gerir hann ekki lengur og brekkusöngurinn í uppnámi þangað til einhver sem getur sungið og ræður við einföld gítargrip finnst.

thorarinn@frettabladid.is

Þingmaðurinn fyrrverandi, Árni Johnsen, í brekkunni árið 2005. Hann leiddi sönginn í 35 ár með einu messufalli og Ingó slær það met varla, þar sem fyrirhugað níunda skipti hans í Brekkunni hefur verið blásið af. MYND/KJARTAN VÍDÓ

Brekkusöngurinn á Þjóðhátíð hvílir á rótgrónum hefðum og hugmyndafræðilegum grunni um fyrirsjáanleika í lagavali og fastheldni á forsöngvara.

Þannig hafði Árni Johnsen stýrt brekkusöngnum í Eyjum frá 1977 þegar honum var skipt út 2013. Þá sagði þjóðhátíðarnefndarmaðurinn Hörður Orri Grettisson Ingó hafa verið þann eina sem kom til greina sem forsöngvari.

Fyrir helgi tilkynnti nefndin að Ingó myndi leiða brekkusönginn í níunda sinn í ár, en þetta var dregið til baka í gær með yfirlýsingu þar sem ákvörðun nefndarinnar var sögð svara fyrir sig sjálf og hún yrði ekki rædd frekar af hennar hálfu.

Þannig er því enn ósvarað hver muni taka við kassagítarnum og óvissan virðist alger ef marka má Jónas Guðbjörn Jónsson, varaformann nefndarinnar, sem sagði í gær að ekkert væri ákveðið, þegar Fréttablaðið.is spurði hann hvort nefndin væri með ákveðinn lista af tónlistarmönnum sem gætu leitt sönginn, svaraði Jónas: „Nei, það er ekki búið að ákveða það. Bara no comment eins og er.“

Skortur á hæfileikaríku tónlistarfólki ætti þó ekki að valda nefndinni miklum vandræðum. Miklu frekar valkvíða, þar sem af nógu er að taka og þannig hafa bræðurnir Jón Jónsson og Friðrik Dór þegar verið nefndir til sögunnar.

Brotthvarf Ingós gefur þjóðhátíðarnefnd líka kjörið tækifæri til þess að breyta hressilega til, hrista upp í hefðinni og í ljósi umræðunnar kannski bara gera eitthvað alveg nýtt, gefa kassagítarnum frí og tékka á Reykjavíkurdætrum. Ef gítarinn er úti er líka pæling að hóa í til dæmis pönkaða harmónikuleikarann Margréti Arnardóttur, enda nikkan jafnvel enn heppilegra hljóðfæri fyrir hópsöng úti í guðsgrænni náttúrunni.

Sé kassagítarinn alfriðaður í Eyjum liggur þó kannski beinast við að taka stöðuna á kónginum, manni fólksins, sjálfum Bubba Morthens, og ef hann er upptekinn, þeim ráma og reynda, ísfirska trúbador Rúnari Þór.

Eða einhverju þessara sem geta aldrei annað en slegið í gegn. ■

Marshall-aðstoðin

Róbert Marshall var vinur þjóðhátíðarnefndar í neyð og fyllti skarð Árna Johnsen 2003 þegar forsöngvarinn átti ekki heimangengt frá Kvíabryggju og kenndi þeim um „sem fyrirlíta fólk og gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að gera lífið leiðinlegt“. Renni Róberti eyjablóðið til skyldunnar getur hann auðveldlega gert brekkusönginn skemmtilegan.

Írafár í brekkunni

Hin ástsæla Birgitta Haukdal er stærra nafn en veðurguðinn í poppsögunni og færi létt með að fylla skarð hans. Hún er heldur ekki ókunnug stemningunni í dalnum þar sem hún hefur troðið upp á Þjóðhátíð, meðal annars með Írafári, sem var eitt aðalnúmerið í Eyjum 2018 og ein síns liðs myndi hún ekki síður geta haldið mannskapnum við efnið í Brekkunni.

Hetjudáð og höf

Bjartmar Guðlaugsson er eitthvert albesta söngvaskáld sem Eyjar hafa alið og þá er nú mikið sagt. Hann er með skemmtilegustu mönnum og á heiðurinn af besta þjóðhátíðarlagi síðari tíma, Í brekkunni, frá 1989, og bæði viðeigandi og skothelt dæmi að fá hann til þess að rúlla Þjóðhátíð upp í Brekkunni þar sem sungið verður dátt um hetjudáð og höf.

Treyst á Sölku

Salka Sól yrði án efa ferskur blær í Brekkunni og auðvitað jákvætt útspil hjá nefndinni að treysta henni fyrir brekkusöngnum, þar sem hún hefur spurt hvort konum sé ekki treystandi til að semja þjóðhátíðarlag í ljósi þess að það virðist gerast á 84 ára fresti og það gerist þá næst 2101. Það væri því saga til næsta bæjar ef kona myndi leiða brekkusönginn 2021.

Þórólfur og veiruguðirnir

Sterkar tengingar við Eyjar teljast forsöngvurum í Brekkunni til tekna og þær hefur Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir svo sannarlega. Hann er líka þjóðhetja eftir refskákina við veiruskrattann og liðtækur söngvari og lunkinn með kassagítarinn. Með restina af þríeykinu í bakröddum má bóka að Þórólfur og veiruguðirnir séu komnir til að vera í brekkunni.

APÓTEK LYFSALANS

Glæsibær

Vesturlandsvegur

Urðarhvarf

LYFSALINN GLÆSIBÆ Opið 8.30 - 18.00 Sími 517 5500 / glaesibaer@lyfsalinn.is
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI Opið 9.00 - 22.00 Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
LYFSALINN URÐARHVARFI Opið 9.00 - 17.30 Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is

Fjölskyldu-flakk út júlí frítt fyrir börn og ungmenni

17 ára og yngri ferðast
frítt með forráðamanni út júlí
í Strætó á höfuðborgarsvæðinu

RIF
RESTAURANT

Beinlausir kjúklingavængir
Beinlausir kjúklingabitar með vali um buffalo sósu, bbq eða bourbon glaze.
1.690 kr

Shake
Súkkulaði
Vanillu
Jarðaberja
990 kr

Hádegistilboð
2.090 kr

Val á milli tveggja rétta, nýjir réttir í hverri viku!

/rifrestaurant
/rifrestaurant

HAPPY HOUR
ALLAN DAGINN
ALLA DAGA

Stefán Jakobsson, söngvari Dimmu með meiru, er alltaf eitthvað að bralla í bílskúrnum sínum og ætlar að láta reyna á tónleikaröð þar í sumar. Billinn bíður fyrir utan á meðan. MYND/AÐSEND

Billinn víkur úr skúrnum fyrir tónleikum

Eðalrokkarinn og brallarinn Stefán Jakobsson ætlar að breyta bílskúrnum við æskuheimili sitt í Mývatnssveit í tónleikastað í sumar og bjóða gestum og gangandi á byrjunarreit tónlistarferilsins sem enn er athvarf hans fyrir allra handa brall.

thorarinn@frettabladid.is

Stefán Jakobsson, söngvari Dimmu, fer ótroðnar slóðir heima í Mývatnssveit í sumar með tónleikaröðinni Í skúrnum hjá Stebba JAK, sem hann heldur, eins og yfirskriftin felur í sér, einmitt í bílskúrnum við heimili sitt í Skútahrauni.

„Við erum að tala um tónleikaröð í bílskúrnum mínum. Þetta er sko bílskúr og billinn er geymdur í þessum skúr, sem er reyndar ólíkt mörgum öðrum bílskúrum sem heita bílskúr en eru það ekki," segir Stebbi Jak, sem ætlar í það minnsta að bakka bílnum út úr skúrnum alla fimmtudaga í júlí og slá þar upp tónleikum.

„Eins og staðan er núna, allavega, þá eru þetta fimmtudagarnir í júlí. Áttundi, fimmtándi, tuttugasti og annar og tuttugasti og níundi," heldur Stebbi áfram og ætlar að vera með tvenna klukkustundar langa tónleika á dag, klukkan annars vegar 17.30 og 19.30 hins vegar.

Sögustund í skúr

Stebbi segist gera ráð fyrir að efnisskráin sveiflist nokkuð milli daga eftir því hvernig liggur á honum og ljóst að frá skúrnum liggja vegir til ýmissa átta. „Prógrammið spilast í rauninni bara nokkurn veginn eftir því sem mér finnst hverju sinni. Það getur verið að ég taki ábreiður af einhverjum lögum, eitthvað sem ég hef samið, annaðhvort með Dimmu eða öðrum verkefnum sem ég hef verið í, sólóefni eða eitthvað annað," segir Stebbi.

Hann útilokar heldur ekki að eitthvað eldgamalt, sem hefur jafnvel aldrei heyrst, muni dúkka upp. „Í bland við alls konar blaður og bull í mér. Sögustund jafnvel. Þannig að ég renni mjög blint í sjóinn með þetta allt saman en ég get allavega ekki tapað á þessu. Það er rosalítill ferðakostnaður," segir rokkarinn og hlær.

„Ég elska að taka lög sem fólk býst ekki við að ég geri og það verður eitthvað þannig á prógramminu," segir þungarokkarinn Stebbi.

Skemmtileg stemning

Þegar Stefán er spurður hvað í ósköpunum hafi orðið til þess að hann ákvað að breyta bílskúrnum sínum í tónleikastað, byrjar hann á að upplýsa að hann hafi meðal annars notað dauða tímann í faraldrinum til þess að taka skúrinn allan í gegn. Annars megi rekja upphaf þessa til Akureyrar.

„Menningarfélag Akureyrar með Þorvaldi Bjarna og hans fólki kom hingað í óvissuferð í vor þegar það var aðeins farið að rofa til. Þau fengu að koma í skúrinn, þar sem ég var með einhverja 45–50 mínútna tónleika bara fyrir þetta fólk. Þetta voru eitthvað um tuttugu manns sem mættu og stemningin var bara einhvern veginn svo skemmtileg."

Stebbi segir að í framhaldinu hafi gestirnir frá Akureyri og fleiri skorað á hann að prufa tónleikahald í skúrnum. „Ég hafði náttúrlega engan tíma í júní, það var bara allt of mikið að gera því það fór náttúrlega allt af stað upp í 200 um leið og það mátti eitthvað byrja að spila. Þannig að ég sagðist bara prufa þetta í júlí og hingað er ég kominn."

Allt til alls

Stebbi segist ætla að byrja á því að láta reyna á tónleikahaldið næstu fjóra fimmtudaga og sjá svo til með framhaldið og hvernig þetta þróast. „Þegar maður skoðar þetta utan frá þá er þetta náttúrlega bara tilvalið fyrir fólk sem er að ferðast um landið," segir tónlistarbóndinn og byrjar að telja upp kosti Mývatnssveitar.

> **Ég er í stöðugu bralli nánast allan daginn og alltaf að detta einhver vitleysa í hug og skúrinn er bara mitt svæði. Athvarf til þess að fá útrás**

„Í fyrsta lagi er náttúrlega búið að vera frábært veður hérna í langan tíma og sér ekki fyrir endann á því. Hérna er auðvitað líka gistipláss og tjaldstæði í stórum stíl og miklum gæðum og þessir tónleikar eru bara enn ein ástæðan til þess að stoppa hérna og taka bara heilan dag í einhverja náttúruskoðun, fara í jarðböðin og fá sér eitthvað að borða. Hér er allt til alls. Þetta er bara viðbót við það."

Upphaf ferilsins

Bílskúrinn stendur við æskuheimili Stebba og í honum hófst allt hans tónlistarbrölt. „Þetta er í raun bara æskuheimilið mitt sem ég keypti af foreldrum mínum fyrir nokkrum árum, þannig að skúrinn náttúrlega er algjörlega upphafið á mínum tónlistarferli og þar hef ég bara verið með aðstöðu til að æfa mig síðan ég man eftir mér. Þannig að fólk er bara að mæta alveg beint inn í kjarnann," segir Stebbi og bætir við að hann sé enn alltaf eitthvað að bralla í skúrnum.

„Ég er í stöðugu bralli nánast allan daginn og alltaf að detta einhver vitleysa í hug og skúrinn er bara mitt svæði. Athvarf til þess að fá útrás fyrir hvers konar sköpun. Hvort sem það er músík eða eitthvað annað."

Stebbi býður 30 miða á hverja tónleika í forsölu á Tix.is en það er um það bil það sem skúrinn rúmar. Hann er þó alltaf opinn fyrir því að færa tónleikana út í garð í góðu veðri, sérstaklega ef það er uppselt, auk þess sem hópar geti freistað þess að fá hann til þess að slá upp aukatónleikum utan fimmtudagsdagskrár. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ SPAÐANS!

16” Pizza af matseðli 1.600

16” Pizzurnar okkar eru stórar og duga fyrir 3 fullorðna

SPAÐINN

Fjarðargata 11

Dalvegur 32b

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Hauks Arnar Birgissonar

Upp og niður samband

Sumir dagar ársins eru verri en aðrir, hræðilegir jafnvel. Í mínum huga er þó engin spurning hverjir eru þeir verstu. Þeir eru tveir. Annar um miðjan maí og hinn um miðjan september.

Ég keypti trampólínið fyrir fimm árum. Það var á tilboði svo ég stökk á það (afsakið, pabbabrandari). Ekki grunaði mig hvað ég var að koma mér út í. Það rann þó fljótt upp fyrir mér að uppsetning þessa skaðræðisleikfangs er í senn hreinræktuð kvöl og gróft mannréttindabrot. Það eina sem toppar vanlíðanina er þegar maður neyðist til að taka draslið aftur niður. Guð minn góður hvað það er leiðinlegt og lýjandi. Hvernig á þetta eiginlega að passa aftur í kassann?! Ég pirrast inn að beini og er í vondu skapi í marga daga á eftir. Ég myndi ekki óska dæmdum hryðjuverkamönnum að þurfa að standa í þessu.

En svo tekur maður þennan skaðræðisgrip í sátt, þegar maður sér hversu mikla gleði hann veitir krökkunum – svona þegar þau eru ekki að skella saman höfðum eða brjóta tennur. Þessi pyntingartól eru nefnilega ekki síður hættuleg líkamlegri heilsu barnanna eins og andlegri heilsu minni. Á þessum kringlótta vígvelli hvíla margir lítrar af tárum og blóði.

Hvert sumar hef ég beðið eftir því að kröftug lægð hrifsi ferlíkið á brott og bindi enda á þjáningarnar. „Trampólínið fauk," hrópaði sonur minn loksins í sumar og ég brosti í laumi. Mér til skelfingar komst gímaldið ekki einu sinni út fyrir lóðarmörkin og ég þurfti því að púsla því saman aftur, beygluðu og skældu. Þannig komst ég að því að verstu dagar ársins geta verið þrír. ■

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

★ GERIÐ GÆÐA & VERÐSAMANBURÐ ★

HÖFUM ÞAÐ GOTT HEIMA í sumar

HEIMA ER BEST

VAXTALAUSAR 12 mán GREIÐSLUR

STILLANLEG HJÓNARÚM

MEÐ BODYPRINT DÝNU – EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI

Verð frá kr. 439.900.-

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.

BODYPRINT® Reverie® Sleep well tonight. Live better tomorrow.™

SÆNGURVER OG NÁTTSLOPPAR

HANDGERT ILMKERTI MEÐ SUMARLEGUM BERJAILMI

VANDAÐAR SÆNGUR OG KODDAR Í ÚRVALI

SUMARLEG SÆNGURVERASETT

OUTLET

GERÐU FRÁBÆR KAUP

Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

Svefn & heilsa ★★★★★

MIKIÐ ÚRVAL Í STÆRRI GERÐUM

FLEIRI STÆRÐIR, OG GERÐIR Í BOÐI

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

BALDURSNES 6 – AKUREYRI

VERSLUN & OUTLET – LISTHÚSIÐ – REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is

UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*

*Samkvæmt könnun frá Gallup.